



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

78. fundur skóla- og frístundaráðs, 29. apríl 2015, [sjá fundargerð](#)

4. liður

Ráðning skólastjórnenda.

Ráðning skólastjóra er eitt stærsta hagsmunamál hvers skólasamfélags. Kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði hafa margir lýst sig opna fyrir því að auka aðkomu foreldra að ráðningu skólastjórnenda. Samkvæmt verklagi sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði í júní 2013 eiga skólaráð að fá tækifæri til að koma með tillögur um hæfniskröfur, en þær eru þó einungis ráðgefandi. Því er sérstaklega fagnað að nemendur og starfsfólk Réttarholtskóla hafi náð að koma á framfæri skoðunum sínum varðandi ráðningu í starf skólastjóra skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins. Það ætti að vera marktækur vitnisburður um samskipta og stjórnunarhæfileika að í skóla sem umsækjandi hefur stýrt sé virkt skólaráð og að lögbundin félög foreldra og nemenda séu virk, en skólastjóri ber ábyrgð á stofnun þeirra. Fulltrúi foreldra leggur til að þegar fjallað er um hæfnisþætti umsækjenda sem hafa gegnt stöðu skólastjóra eða aðstoða rskólastjóra sé ávallt gengið úr skugga um starfsemi og virkni þessara lögbundnu félaga og ráða sem eru hluti af stjórnskipan hvers skóla samkvæmt grunnskólalögum. Jafnvel mætti óska eftir umsögn frá foreldra- og nemendafélagi í þeim skóla.